

JÓN BJARNI ATLASON

Inngangur þýðanda

Svissneska rithöfundinum Max Frisch (1911–1991) var minnið, eða öllu heldur minnistap og hrörnun heilans, hugleikið er líða tók á feril hans. Hugleiðingar hans um gleymsku, minnisglöp, starfsemi heilans og öldrun er að finna víða í verkum hans og öðrum gögnum sem hann lét eftir sig. Hversu mikilvægt efnið var honum sýnir einnig stuttur og merkilegur texti með yfirskriftinni *Heilinn* sem birtist hér í íslenskri þýðingu. Frisch handskrifaði textann í A6 minniskompu. Hann er átta síður að lengd og ber dagsetninguna 16.8.73. Minniskompan er varðveitt á Max-Frisch-skjalasafninu í Zürich en textinn um heilann birtist fyrst stakur í þýska tímaritinu *Sinn und Form* árið 2016.¹

Max Frisch er Íslendingum ekki með öllu ókunnur. Leikrit hans *Brennuvargarnir* (Biedermann und die Brandstifter) og *Andorra* hafa verið sett á svið hérlendis og voru áður kennd í þýsku í framhaldsskólum og skáldverkin *Homo faber* og *Loftslag* (Der Mensch erscheint im Holozän), þar sem Ísland kemur við sögu, hafa verið þýdd á íslensku.²

Árið 1959 var Frisch lagður inn á sjúkrahús vegna skæðrar lifrabólgu og það var á þeim tímapunkti sem ótti hans um að glata minninu gerði fyrst vart við sig. Í frásögninni *Montauk* frá árinu 1975, sem hefur sjálfsævisögulegan bakgrunn, greinir Frisch frá vistinni á spítalanum, en þá var hann í sambúð með austurríska skáldinu Ingeborg Bachmann:

¹ Max Frisch, „Das Hirn. Eine Notiz“, *Sinn und Form* 3/2016, bls. 415–417 (Með inngangsorðum eftir Margit Unser, þáverandi forstöðumann Max-Frisch-skjalasafnsins í Zürich). © Suhrkamp Verlag. Þýðingin er birt með leyfi forlagsins.

² *Homo faber* kom út 1987 hjá Erni og Örlygi í þýðingu Ástráðs Eysteinnssonar og Eysteins Þorvaldssonar og í endurskoðaðri útgáfu hjá Máli og menningu árið 2000. *Loftslag* kom út hjá Þýðingasetri Háskóla Íslands árið 2017 í þýðingu Jóns Bjarna Atlasonar. Báðum þýðingum fylgja ítarlegir eftirmálar þýðenda.



Við höfum búið saman í sjö mánuði þegar ég verð veikur. (Lifrabólga.) Ég er fjöruúu og átta og hef aldrei legið á spítala fyrr, ég nýt innlagnarinnar, allt hvítt og með umönnun. En þá kemur óttinn, um að tapa minninu. Í fyrsta sinn þessi ótti.³

Síðan lýsir Frisch því hvernig hann lærir utan að setningu sem honum hafði dottið í hug og vill endilega segja Bachmann þegar hún kemur næst að heimsækja hann. En allt kemur fyrir ekki, orðin fara öll í hrærigraut. Hann er hræddur og þegar hún kemur tekst honum ekki að segja henni setninguna. Hann skammast sín og sendir hana í burtu. Ótti Frisch við heilabilun, eða við að hafa ekki stjórn á heila sínum, fylgdi honum áfram. Eftir að hann var greindur með krabbamein 1990, ári áður en hann lést, skrifaði hann undir lífsviljaskrá þar sem hann tók fram að hindra bæri allar ráðstafanir til að halda honum á lífi ef til þess kæmi að heilinn í honum skemmdist til frambúðar.

Í dagbókinni *Berliner Journal*, sem Frisch skrifaði á árunum 1973–1974, lýsir hann reynslu sinni og áhyggjum af skertu skammtímaminni og einnig þeirri óvissu sem fylgir því og óttanum við að verða ótrúverðugur í augum annarra. Hann tekur fram að það gerist sífellt oftar að hann viti ekki hvað hann ætlaði sér að segja. En með því að skrifa niður getur hann að minnsta kosti athugað hvað hann sagði áður, enda þótt það segi ekki alltaf til um hvað hann hafði ætlað sér að segja.⁴ Á öðrum stað er hann hræddur um að hafa fengið lifrabólgu aftur: „Enn ein lifrabólga! og það verður ekki mikið eftir af heilanum mínum, af minninu, af persónunni –“.⁵

Í *Berliner Journal* kemur Frisch ítrekað inn á tilurð frásagnarinnar *Lofslags* sem hann hóf að semja 1972. Upphaflega átti hún að birtast 1974, en hann dró handritið til baka og það var ekki fyrr en fimm árum síðar sem verkið kom út og hafði þá tekið miklum breytingum. Í *Lofslagi* gengur Frisch skrefi lengra en í öðrum textum sem koma inn á minni og gleymsku, því hann vinnur efniviðinn inn í skáldverk sem öðrum þræði fjallar um hnignun og glímu aldrads manns við minnisglöp eða létta heilabilum. Hann umskapar efnið og nýtir það alfarið á bókmenntalegan hátt fyrir sögu sína. Frisch vinnur að *Lofslagi* lungann af átt-

³ Max Frisch, *Montauk*, Frankfurt am Main: Suhrkamp, 2014, bls. 143 (þýðingar í inngangi eru eftir undirritaðan).

⁴ Max Frisch, *Aus dem Berliner Journal*, ritstjóri Thomas Strässle í samvinnu við Margit Unser, Frankfurt am Main: Suhrkamp, 2015, bls. 88 (dagbækurnar (eða réttara sagt hluti þeirra) birtust fyrst 2014 eftir að hafa verið geymdar læstar í bankahólf í um 20 ár að ósk höfundar vegna viðkvæms efnis þeirra fyrir aðra einstaklinga).

⁵ Sama rit, bls. 154.

unda áratugnum þegar hann er á sjötugsaldri. Í verkinu bregst söguhetjan Geiser við minnisglöpum sínum með því að skrifa upp og klippa út ýmsan fróðleik og þekkingu sem hann er hræddur um að gleyma eða leggur áherslu á að muna, þar á meðal færslu um minnistap úr alfræðiorðabók. Honum er ljóst, að hvorki náttúran þarf á nöfnum að halda, né grjótið á minni hans, eins og stendur undir lok sögunnar.⁶ Hins vegar þarf maðurinn nöfnin, vitneskju og þekkingu til að geta staðsett sjálfan sig í heiminum og verið dómbær á hann. Í því er glíma Geisers við minni sitt fólgin, hann þarf að geta felld úrskurð um það sem á sér stað í kringum hann eins og lesa má úr textanum um heilann. Síðasta úrklippan í *Lofslagi* fjallar um heilablóðfall, en þá er Geiser horfinn af sjónarsviðinu.

Í textanum um heilann nefnir Frisch jákvæð áhrif þess sem neysla lítills magns af áfengi getur haft á hugsun og dómgreind. Í *Berliner Journal* kemur áfengi talsvert við sögu. Þar er einnig tæpt á þessu efni en það er jafnframt ljóst af dagbókinni að Frisch átti við áfengisvandamál að stríða og að sú hjálp sem hann vonaðist til að finna undir áhrifum gat auðveldlega snúist upp í andhverfu sína vegna of mikillar áfengisneyslu. Frisch ferðaðist um Ísland sumarið 1977 og til þeirrar heimsóknar má rekja lýsinguna á Íslandi í *Lofslagi*, en hún er endurlit söguhetjunnar til ferðalags sem hann hélt í á yngri árum sínum. Á Reykhólum skrifaði Frisch færslu í gestabók Gísla Sigurðssonar sem rak á þeim tíma ferðaskrifstofuna Örnefi Wildnisreisen ásamt Oswald Wiener, góðkunningja Frisch, og kallast sú færsla á við textann um heilann. Frisch þakkar gestgjöfum sínum fyrir Ísland og góða viðkynningu og lýkur færslunni svohljóðandi: „Í AUGNABLIKINU ÓVISS, HVAÐ ÞAÐ OPINBERAR MÉR OG ÞVÍ SPENNTUR, HVAÐ SÍÐAR (UNDIR ÁHRIFUM) MAGNAST Í SÖGU.“⁷ Frisch trúði því að áfengi gæti í litlum mæli hjálpað til við að fríska upp á hugann og minnið og þannig haft góð áhrif á starfsemi heilans, einnig þegar kom að skáldskap ef orð hans í gestabókinni eru tekin bókstaflega, en Íslandskaflinn í *Lofslagi* er afar skáldlegur og sannfærandi. Sumar rannsóknir hafa komist að svipuðum niðurstöðum og má í því sambandi nefna MIND diet,⁸ þar sem fólki með heila- og Alzheimersjúkdóma er meðal annars ráðlagt að drekka eitt vín- glas á dag.

Texti Max Frisch um heilann gefur viss fyrirheit um glímu hans sem skáld og rithöfundur við minni og gleymsku, sem nær hápunkti sínum í *Lofslagi* fáeinum

⁶ Max Frisch, *Lofslag*, íslensk þýðing ásamt eftirmála eftir Jón Bjarna Atlason, ritstjóri Ástráður Eysteinnsson, Reykjavík: Þýðingasetur Háskóla Íslands, bls. 112.

⁷ Sama rit, bls. 133.

⁸ Mind diet stendur fyrir Mediterranean-DASH Intervention for Neurodegenerative Delay diet.

árum síðar. Að lokum er við hæfi að vitna í Margit Unser, sem í inngangsorðum sínum að frumbirtingu textans um heilann segir að fyrir Frisch hafi samning *Lofslags* verið móteitur gegn því ástandi sem skáldið hafði greint hjá söguhetju sinni – og má því kannski hér, eins og víðar, til sanns vegar færa að listirnar geta verið í stakk búnar til að veita manninum aðstoð í nauðum sínum.

MAX FRISCH

Heilinn. Minnisblað

16.8.73

Hann er ennþá nokkurn veginn í standi til þess; hann er ennþá fær um að veita hrörnun sinni athygli. Hann fylgist með afgangum sínum í hversdagslífinu, sem hann verður reyndar ekki alltaf var við strax, heldur oft með seinkun: þá bregður honum á laun. Það má vera að svipurinn komi upp um hann; en kannski ekki. Þetta snýst jú oft um smámuni, um svokallaða gleysku. Til eru pillur sem næra heilann. Auðvitað spyr heilinn sig hvernig þetta haldi áfram. Aðeins undir áhrifum áfengis (það þarf fremur lítið til) gengur fyrra ástand í garð, að heilinn fái ekki við sjálfan sig, heldur við veröldina og sé dómbær á hana, en þó á máttlausan hátt, svo að hann getur við það fyllt reiði.

Heilinn sem úrskurðarvald, eitthvað annað hefur aldrei verið til. Heila-hrörnun, en þetta er þó ennþá heilinn sem sannreynir hrörnun heilans. Hann spyr sig hvenær hrörnunin muni komast á það stig, að heilinn geti ekki lengur athugað sjálfan sig. Það er því fólgin viss hughreysting í þeim augnablikum sem maður verður aftur var við afgang; svo mikill heili er þó enn til staðar.

Ótti um að heilinn sé skemmdur grípur um sig þegar maður vaknar af draumum.

Fjölmarginar athafnir má inna af hendi án truflana, ganga upp tröppur ... boltaleikir ... bifreiðaakstur (?).

Sterk blygðunarkennd við að tjá eitthvað með orðum; ennþá telur heilinn sig vita hvað hann á við á því augnabliki, en það gerist samt, að vitlaust orð kemur upp á augnablikinu, eða að nafn lætur á sér standa enda þótt heilinn viti hvern hann meinar, eða hann gleymir ekki aðeins nafni, dagsetningu, hann gleymir því hvað hann ætlaði sér að segja með nafninu eða dagsetningunni; hann tjáir aðeins hrörnun sína. Það gerist oftast en aðrir verða varir við.

